



Fræðslunetið sÍmenntun á Suðurlandi

**127. fundur í stjórn FSS, Fræðslunetsins – sÍmenntunar á Suðurlandi, 21. júní
2017 kl.10.00, í Fjölheimum**

Mætt: Sigursveinn Sigurðsson formaður, Laufey Ósk Magnúsdóttir varaformaður, Þór Hreinsson, Elín Einarsdóttir, Magðalena K. Jónsdóttir og Eyjólfur Sturlaugsson framkvæmdastjóri.

1. Rekstrarforsendur Fræðslunetsins.

Framkvæmdastjóri setti fram greinargóða kynningu, bæði um niðurstöður undafarinna 6-7 ára og framtíðarhorfur. Ljóst er að starfsemi 2017 er tryggð með tilkomu viðbótarframlags Ríkisins. Til lengri tíma litið gæti þurft að koma til aðhalds í rekstri en í auglýsingu eru einnig sóknartækifæri sem ekki má gleyma.

2. Starfsmannamál

- a. Júlíana Gústafsdóttir og Nína Síbyl Birgisdóttir munu láta af störfum í þessum mánuði.
- b. Sandra Gunnarsdóttir hefur óskað eftir 50% námsleyfi til eins árs (frá 1.09.2017 – 31.08.2018), sem stjórn samþykkir.

3. Aðild aðila á austursvæði að Fræðslunetinu

Stjórn Fræðslunetsins telur mikilvægt að eigendahópur félagsins komi úr öllum héruðum Suðurlands. Skoðað verði með hvaða hætti fjölga má eigendum af austursvæðinu næst þegar skipulagsskrá félagsins verður endurskoðuð.

4. Önnur mál

- a. Fréttir af starfinu.

Fundi slitið kl. 12:40

Fundargerð ritaði Laufey Ósk Magnúsdóttir

Magðalena Jónsdóttir
Þór Hreinsson
Elín Einarsdóttir
Sigursveinn Már Sigurðsson